

## 135. skólanefndarfundur 7.október 2014 haldinn í Leikskóla

### Stykkishólms

Mættir voru eftirtaldir fulltrúar í skólanefnd:

Aðalmenn: Hrafnhildur Hallvarðsdóttir formaður (HH), Ásmundur Guðmundsson fulltrúi (ÁH), Kristbjörg Hermannsdóttir fulltrúi (KH), Magda Kulinska fulltrúi (MK)

Varamenn: Sigurður Bjarnason

Eftirtaldir áheyrnarfulltrúar sátu fundinn: Sigrún Þórsteinsdóttir, skólastjóri leikskólans (SP), Benný Eva Benediksdóttir (BB, áheyrnarfulltrúi Helgafellssveitar, Karína Nielsen fulltrúi starfsfólks leikskólans (KN), Ingunn Sif Höskuldsdóttir áheyrnarfulltrúa foreldra (IH).

Fundarritari; Kristbjörg Hermannsdóttir.

Formaður setti fund kl. 18:00

Dagskrá:

---

### 1. Skýrsla skólastjóra leikskólans;

- a. Danskennslu lýkur á fimmtudag með opnum tíma fyrir foreldra.
- b. Sálfræðingur og talmeinafræðingur eru búnir að koma  
HH Fyrirspurn um Hljómpróf og eftirfylgni. SP útskýrir ferlið og skilafund leikskólans.
- c. Elstu börnin í leikskólanum eru búnin að fara í formlega heimsókn í grunnskólann þar sem Gunnar Svanlaugsson skólastjóri tók á móti þeim.  
SP segir nánar frá heimsóknum og nýbreytni í vali hjá 1.bekk þar sem þau geta komið í söngstund í leikskólann og viðhaldið tengslum.
- d. Aðalfundur foreldrafélagsins var haldinn 18. september og þessir eru í stjórn:
  - i. Ingunn Mjöll Sigurðardóttir – formaður
  - ii. Agnes Helga Sigurðardóttir – gjaldkeri
  - iii. Þórný Alda Baldursdóttir – ritari
  - iv. Steinunn María Þórsdóttir – meðstjórnandi
  - v. Edda Baldursdóttir – meðstjórnandi
  - vi. Guðrún Harpa Gunnarsdóttir – varamaður
  - vii. Ásdís Árnadóttir – varamaður.
- e. Einnig er lokið öllum foreldrafundum á deildum, þar er farið yfir starf vetrarins og nýjungar kynntar.

SP segir frá að mæting sé mjög góð á alla fundi nema á aðalfund foreldrafélagsins.

SP segir frá vinnu með einstaklingsnámskrár/ námskrá barnsins. Vinnumappa sem fylgir barninu allan leikskólann og þau fá í lok leikskólagöngu.

## 2. Skóladagatal leikskólans.

Starfsdagar eru 3.

Færsla á afa og ömmu degi

## 3. Fyrirspurn frá Kristbjörgu Hermannsdóttur.

### a. Fyrsta fyrirspurn:

Í framhaldi af upplýsingum leikskólastjóra frá 134. fundi fræðslunefndar sem varðar mannekleu sem skapast m.a. af námslotum starfsfólks leikskólans í Stykkishólmi leggur fulltrúi fram eftirfarandi fyrirspurn: Hversu margir starfsmenn eru í námi öðru en leikskólakennaranámi? Hver er stefna Leikskólans í Stykkishólmi um nám, annað en leikskólakennaranám, með vinnu við leikskólann?

SP svaraði og sagði að þrír starfsmenn væru í öðru námi en leikskólakennaranámi og tveir starfsmenn eru í leikskólakennaranámi. SP finnst vanta að reglur um þetta séu í starfsmannastefnu Stykkishólmsbæjar.

### b. Önnur fyrirspurn:

Hvenær var síðast framkvæmd aðalskoðun af fagaðila á leikvellingum við Leikskólann í Stykkishólmi? Fulltrúi vísar í reglugerð reglugerð 942/2002 og 607/2005 en þar segir að fagaðili skuli sjá um skoðunina a.m.k einu sinni á 12 mánaða fresti.

SP kom síðast með eftirlit 2011 og er væntanlegt nú í haust.

### c. Þriðja fyrirspurn:

Er vinna með Grænfánann dottin upp fyrir? Nýjustu fundargerðir sem liggja á síðu skólans eru frá 2011.

SP segir að leikskólinn hafi tekið hlé í Grænfánavinnu en er nú Skóli á grænni grein, sem þýðir að þær fara eftir umhverfisstefnu Stykkishólmsbæjar og kenna nemendum á umhverfið og umgengni um það.

### d. Fjórða fyrirspurn:

Hvernig er staðið að innra mati í leikskólanum og liggur fyrir úrbótaáætlun?

SP leikskólinn gerir áætlun um innra mat sem farið er eftir. HH nefndi að gott væri að þessi áætlun færi á vef skólans.

#### 4. Efni til kynningar:

- a. [Hvítbók, umbætur í menntun.](#)
- b. [Handbók um öryggi og velferð barna í leikskólum.](#)
- c. [Fræðsluritið Hlúum að rödd og hlustun.](#)
- d. [Skólanefndir](#)

#### 5. Önnur mál.

Engin önnur mál.

Fundargerð lesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 19:30

Hrafnhildur Hallvarðsdóttir, (sign),

Ásmundur Guðmundsson, (sign),

Kristbjörg Hermannsdóttir (sign),

Magda Kulinska (sign)

Sigrún Þórsteinsdóttir, skólastjóri leikskóla, (sign),

Sigurður R. Bjarnarson (sign)

Benný Eva Benediksdóttir (sign),

Karína Nielsen (sign),

Ingunn Sig Höskuldsdóttir (sign),